

OPINBERUN, VÖLUSPÁ OG STJÖRNULÍFFRÆÐI

I

Það eru ósköpin öll, sem skrifuð hafa verið um hina svonefndu Opinberun Jóhannesar eða Opinberunarbókina, líklega meira en um nokkurt rit annað. Þessu, sem hér kemur, er samt engan veginn ofaukið. Því að hér er litið á Ob. frá gersamlega öðru sjónarmiði en áður hefir verið gert. Og þó að einungis fátt eitt af hinu mikla efni verði tekið til meðferðar að þessu sinni, þá hygg ég að greinilega muni koma í ljós, hversu merkilegt ritið er, einnig og ekki síður, þegar litið er á það eins og hér er gert. Ég á það próf. Sig. Sívertsen að þakka, að ég hefi kynnst einu af merkustu ritum, sem til eru um Ob.; það er eftir dr. R. H. Charles, 2 bindi stór og þykk, og samið af framúrskarandi lærðómi. En viðunandi skilningur á Ob. fæst þó ekki fyrr en litið er á hana frá sjónarmiði náttúrufræðingsins. Ég skal nefna hér lítið dæmi. Í 19. k. Ob. segir svo: „Og ég sá einn engil, sem stóð í sólinni.“ Dr. Charles skýrir þetta alls ekki, en segir aðeins: „Það er ókunnugt, hvaða hugmynd hefir í upphafi búið undir þessum orðum.“ Charles, Rev. II s. 138. En frá sjónarmiði náttúrufræðinnar er þetta auðskýrt. Ég skal geta þess, að íslenska þýðingin er þarna röng, því að hún hefir: „Og ég sá einn engil, sem stóð á sólinni“, en það er vafalaust að það á að vera „í sólinni“ sbr. konuna, sem er „klædd sólinni“ og síðar verður vikið að nánar. (Ég minntist einhverntíma á þýðingarvilli þessa við Harald heitinn Nielsson, og var hann mér sammála um, að rangt væri þýtt). Ekki virðist alveg óhugsandi, að nokkurskonar skynsemistefna (rationalismi) hjá þýðendunum hafi átt nokkurn þátt í villu þessari, og hafi þeim fundist skynsamlegra að segja, að engillinn hafi staðið á sólinni heldur en í (innan í) henni. En vitanlega er

fjarstæða, hvort sem sagt er. Allmargir munu á vorum dögum vera þeirrar skoðunar, að á sama megi standa, hvort haft sé, því að í riti þessu, sem nefnt er Opinberun Jóhannesar, sé ekki um annað að ræða en höfuðóra, sem ekki styðjist við neinn veruleika. En misskilningur er það, þegar þannig er litið á, og vér kunnum óbrigðular aðferðir til að komast að raun um, að vitranir þessar og aðrar líkar, eru ekki einber tilbúningur eða heilaspuni hinna skyggnu manna, heldur er veruleiki að baki, þó að sá veruleiki sé að vísu oft allt annað en það sem vitranamennirnir hugðu, að þeir hefðu séð. Og í ofangreindu dæmi má glöggt skilja, að það er í raun réttri alls ekki sólin, sem um ræðir, heldur skin frá englinum sjálfum; og vitanlega er engillinn innan í skininu. Þetta verður oss glöggt ef vér athugum svipaðan miskilning hjá öðrum ágætum vitranamanni. Swedenborg segir, að í Himnaríki sé Drottinn sjálfur sólin á loftinu. En af öðru, sem hinn sænski spekingur segir, kemur þó í ljós, að Drottinn er ekki sólin sjálf, heldur er hann í sólinni, en kemur stundum út úr henni og niður á jörðina þar í Himnaríki. Kemur þarna greinilega fram, að blandað er saman sólinni og mjög lýsandi veru. Langt til að sjá er þessi lýsandi vera eins og ljóshnöttur, þar sem hún svífur í loftinu, og sjálf mannsmyndin, sem skinið stafar frá, sést ekki. En þegar veran er komin ofaná jörðina þá er á hinn veginn; ljóshnötturinn er þá horfinn fyrir þeim, sem nú standa í sjálfu ljósinu — eins og sýngjafi Swedenborgs hefir gert — og horfa á hinn bjarta líkama. En einnig í sjálfri Opinberunar-bókinni eru lýsingar, sem að góðum notum geta orðið til skýringar á þessu máli. Í upphafi 10. kaflans segir svo: „Og ég sá annan sterkan engil stíga af himni ofan, hjúpaðan skýi, og regnboginn var yfir höfði honum.“ „Skýið“ og „regn-boginn“ eru mismunandi tegundir af skini frá líkama engils-ins, og virðist hann ekki hafa verið eins bjartur og sá, sem áður var nefndur; en þó segir, að ásjóna hans hafi verið sem sólin og fætur hans sem eldstólpars. Í ritinu De Mysteriis Ægyptiorum er fróðlega lýst hinu ýmiskonar skini sem stafar frá hinum ýmsu guðum og vættum, og kemur það,

sem þar er sagt, vel heim við Opinberunarbókina. Í Ob. 12. k., segir svo: „Og tákni mikið birtist á himni, kona klædd sólinni, og tunglið var undir fótum hennar, og á höfði hennar var kóróna af tólf stjörnum.“ Þarna dugar vitranamanninum ekki minna en bæði sól og tungl og stjörnur í tilbót; en þó er ekki um annað að ræða en hið ýmiskonar skin frá líkama konunnar.

II

Það eru ærið skrýtnar hugmyndir, sem höfundur Ob. gerir sér um stjörnurnar, og þá ekki við því að búast, að honum hafi nokkurntíma til hugar komið, að furðutíðindi þessi, sem hann segir frá, gerist í raun réttri á annarri stjörnu eða öðrum stjörnum. Í 8. k. segir svo: „Og þriðji engillinn básúnaði, og stór stjarna féll af himni, logandi sem blys, og hún féll ofan á þriðjung fljótanna...“ Þarna er það þáttur í ógurlegu eldgosi, sem verið er að lýsa. En fyrri þáttum tveimur er þannig lýst: „Og hinn fyrsti (engill) básúnaði, og þá kom hagl og eldur blóði blandað, og því var varpað ofan á jörðina.“ Þarna er frá því sagt, er glóandi vikur og aska þeytist hátt í loft upp og fellur síðan niður á jörðina. Síðan verður enn ógurleg sprenging og flýgur þá í loft upp stór klettur eða fjallshlut, sem að nokkru leyti er glóandi og bráðinn, og er þannig frá því sagt: „Og annar engill básúnaði, og var sem miklu fjalli, logandi af eldi, væri varpað í hafið.“ Og loks er svo þriðji þátturinn, sem áður var greindur, er fjallshlutinn, sem goskrafturinn sprengir upp, er ennþá bjartari og meir bráðinn, og verður í augum eða öllu heldur huga vitranamannsins að stjörnu, sem hrapar ofan á jörðina. — Bagaleg prentvilla er þarna í þýðingunni: „og þriðjungur af skepnunum fórst“, á að vera: af skipunum. —

III

Vitranamanninum verður fleira að stjörnum en skin frá höfði og glóandi gosklettar. Í 12. k. segir svo: „Mikill dreki, rauður, er hafði sjö höfuð og tíu horn og á höfðunum sjö ennisdjásn. Og hali hans dró þriðja hlutann af stjörnum

himinsins og varpaði þeim ofan á jörðina. “ Dreki þessi, sem er eins og rauðglóandi, en höfuðin þó bjartari, er fróðlegur mjög og mun ég ef til vill, gera nánari grein fyrir honum í riti, sem síðar verður á minnst. En stjörnurnar, sem „hali drekans“ varpar niður á jörðina, eru sennilega nokkur hluti hins ógurlega flughers, sem nú verður vikið að. Í 9. k. segir svo: „Og fimmti engillinn básúnaði, og ég sá stjörnu, er fallið hafði af himni ofan á jörðina, og henni var fenginn lykillinn að brunni undirdjúpsins.“ „Stjarnan“ er þarna lýsandí vera, sem vitranamaðurinn — eða nákvæmar sagt, sýngjafi hans — hefir séð geysast um loftið með hraða, sem minnti á stjörnuhrap. En vera þessi, sem þarna er kölluð stjarna, er höfðingi yfir hinu geigvænlegasta flugliði: „og hún (stjarnan) lauk upp brunni undirdjúpsins, og reyk lagði upp af brunninum, eins og reyk frá stórum ofni, og sólin myrkvaðist og loftið, af reyknum úr brunninum. Og út úr reyknum komu engisprettur á jörðina...“

Síðar í sögu þessari kemur þó í ljós, að það er alls ekki um engisprettur að ræða, þó að vitranamanninum hafi í fyrstu svo virst: „Og að ásýndum voru engisprettarnar svipaðar hestum, búnum til bardaga...“ En þó verður enn glöggt, að verur þessar eru heldur ekki hestar, því að „hestarnir“ hafa mannsandlit: „Ásjónur þeirra voru sem ásjónur manna.“ En þó eru tennurnar eins og ljónstennur. Í þessu, sem vikið var á, koma greinilega fram eins og víðar í Opinberunarbókinni, lögmál draumlífsins. Vitran og draumur er náskylt, vitran í rauninni ekkert annað en sérstök tegund af draumi. Sá sem fær vitran þá hina furðulegu, sem hér er að nokkrum hluta skýrð, áttar sig oft í fyrstu alls ekki á því, hvað það er, sem hann sér með augum sýngjafans — sbr. kaflann um eðli drauma, Nýall s. 344-359 — en smátt og smátt skýrist það fyrir honum, þó að honum verði það aldrei fullkomlega ljóst, vegna þess hvað það var ólikt öllu því, sem menn þekktu þá hér á jörðu. Ýmislegt er það í frásögninni, sem bendir til þess, að flugher þessi hinn mikli og voðalegi hafi ekki verið þarna fyrir í „brunni undirdjúpsins“ heldur sé hann líkamaður — materialiseraður —

þegar á honum þarf að halda, og er ekki ólíklegt, að herveldi nútímans myndu þiggja það, að geta þannig geymt stóra og ógurlega heri í andaástandi í einhverjum kjöllurum, en látið þá svo líkamast, þegar til þyrfti að taka. Mætti hér minna á hinar arabísku sögur um andana, sem Salómon konungur átti að hafa sært eða seitt niður í leirker, og koma út í fyrstu sem gufumökkur, þegar kerið er opnað; og eins mætti minna á Mökkurkálfa, risann jafnvel meðal jötna, sem þeir í Jötunheimum líkama (materialisera) til liðs við Hrungni í bardaganum við Þór. Mökkurkálfi er sennilega aflagað úr Mökkvakálfur, sonur mökkvans. En það er vel kunnugt nú, að þegar maður eða dýr skapast — líkamast, materialiserast — á afslsvæði, þá kemur fyrst fram eins og gufa nokkurskonar eða mökkvi. Hefir slikt verið rannsakað af ágætum mönnum og ljósmyndað, svo að það er engu síður víst, að líkaman á sér stað — materialisation — en það sem nefna mætti hallning — krystallisation — af hallur, krystall.

Í síðari hluta kaflans þar sem sagt er af engisprettunum, sem eru þó ekki engisprettur, er talað um 4 engla „sem bundnir eru við fljótið mikla Evfrat.“ Og svo er allt í einu komið til sögunnar riddaralið, og eru herfylkingarnar ekki færri talsins en 200 milljónir. Hestar riddaranna eru þó ekki meir hestar en það, að þeir hafa ljónshöfuð, og tögl þeirra eru lík höggormum, og eru höfuð á! Það virðist ekki ólíklegt, að þarna sé um samskonar framleiðslu að ræða og flugliðið, sem vitranamanninum virtist vera engisprettur, er hann sér það fyrst koma fram úr líkamningarmekkinum.

IV

Stórfurðuleg eru þau tíðindi, sem frá segir í Opinberunarbókinni, og þó að frá ýmsu sé sagt svo ógreinilega og af svo miklum misskilningi, að ekki er ennþá unnt að átta sig á því til fulls, þá er þó margt ágætlega ljóst, og þá fyrst og fremst það, að þarna ræðir um úrslitaráttu mjög geigvænlega, í líkingu við Ragnarök. En mjög mikill misskilningur er það, að hin íslenska frásögn sé ekki annað en stæling á Opinberun Jóhannesar, eða til orðin einungis fyrir áhrif þaðan. Það

er ekki sama styrjöldin, sem frá er sagt, þó að skyldar séu í eðli og að ýmsu leyti líkar. Mun ég í riti, sem ef til vill mun heita „Um Ragnarök og dómsdag“, skýra frá efni þessara rita á þann hátt, sem einungis getur orðið, þegar vitað er að slík tíðindi hafa í raun og veru gerst, og litið er á þau frá sjónarmiði náttúrufræðinnar.

Vorið 1912 hafði mér skilist, að Opinberunarbókin segir frá tíðindum, sem gerst hafa á annarri jarðstjörnu eða öðrum jarðstjörnum, og eins Völuspá. Tók ég þá til að semja um þetta ritgerð, en hætti, er komnar voru 16 síður; sá ég, að þarna var svo margt, sem betur þurfti að rannsaka, áður skrifað yrði svo viðunandi væri. En ekki er láandi, þó að mér væri mikill hugur á að skrifa, því að það er óhætt að segja, að það sætir tíðindum nokkrum í vitkunarsögu mannkynsins, þegar loks er fenginn skilningur á því, að þessi fornfrægu rit segja frá tíðindum, sem gerst hafa á stjörnunum. Efnið er býsna mikið og stórkostlegt. Það er sagan af jarðlifi miklu lengra fram en sögunni er komið hér hjá oss, og réttur skilningur á opinberunarritum þessum getur því orðið oss veruleg hjálp til að sjá hvert stefnir fyrir mannkyni þessarar jarðar. Tilgangurinn er vaxandi samhæfing eða samstilling lífsins í alheimi, en því betur sem tekst í þeim efnum, því meiri verður mátturinn til þess að nota alla möguleika tíma, rúms og efnis lífinu til farsældar og fullkomnunar. Hér á jörðu hefir ekki verið lifað samkvæmt tilgangi lífsins, heldur hafa andstæðurnar farið vaxandi, svo að t.d. innbyrðis andstaða Þýskalands og Englands hafði frá upphafi aldrei orðið líkt því eins mikil og í ófriðnum mikla 1914-'18, og þó þegar greinilegt orðið, að enn miklu verr mundi verða síðar, ef ekki tekst að koma fram stefnubreytingu. Opinberunarbókin — og eins og Völuspá — sýnir oss hvernig fer, þar sem framfarirnar hafa að ýmsu leyti orðið mjög miklu stórkostlegri en hér á jörðu, en framvindan þó verið dysexeliktisk, ekki verið sótt fram til samstillingar allra krafta, heldur hafa andstæður aukist, uns lýstur saman í hinni ógurlegu úrslitastyrjöld. Fáum vér í opinberunarritum þessum, sem hér ræðir um, nokkurt veður af hinum furðu-

legustu hernaðarvísindum. Þekkingin á því að nota náttúruöflin til að eyðileggja óvinina — og eigi einungis þau, sem oss eru kunn, eins og t.d. goskrafta jarðar, heldur einnig önnur, sem oss eru ýmist litt kunn eða ekki — er svo mikil, að jafnvel ófriðurinn mikli er nærri því eins og barnaleikur í samanburði við ragnarökin. Kristnir menn hafa nú, eins og kunnugt er, haldið að opinberun Jóhannesar segi frá guði almáttugum og englum hans og eingetnum syni, og baráttu þeirra við yfirhöfðingja hins illa og allt hans lið. Og býsna fróðlegt er nú að sjá, að þessi guð kristinna manna og englar hans, koma fram sem miklu grímmari og ógöfugri verur heldur en guðir þeir, sem vorir heiðnu forfeður trúðu á. Guðir forfeðra vorra urðu að vísu að fjötra Loka — andskotann — í undirdjúpunum, líkt og gert er í Opinberunar-bókinni við djöfulinn; en á undan var gengin hin stórkost-legasta tilraun til að breyta andskotanum í guð. Æsir takar Loka — hið rétta nafn er Logi, sbr. drekann í Ob., sem er eins og rauðglóandi — og reyna til að breyta honum þannig, að hann verði líkur sjálfum þeim. Og ein af Ásynjum, Sigyn, fórnar sér jafnvel svo gersamlega fyrir þessa stórkostlegu tilraun, að hún giftist Loka og yfirgefur hann ekki, hvernig sem fer fyrir honum. Ásum tekst að breyta föður Ormsins og Úlfssins svo, að hann verður að ytra últiti fríður og fagur eins og þeir sjálfir. En innrætinu tekst þeim ekki að breyta, og þegar Loki að endingu eyðileggur tilraun Ása til að komast á enn hærra fullkomnunarstig, þá neyðast þeir til að fjötra hann, og losnar þó Loki um síðir og sækir fram til hinnar ógurlegu úrslitabaráttu. En eftir allan aðganginn er hnötturinn, þar sem styrjöldin fer fram, orðinn óbyggilegur, goskraftarnir æsast svo, að hnötturinn verður aftur alglóandi, sbr. að Surtur slyngur eldi yfir jörðina og brennir heim allan; verður því að flytja til annarrar jarðstjörnu. Hin nýja jörð, sem vitranamaðurinn sér, er ekki land, sem rís úr sæ, heldur jarðstjarna, sem birtist honum í geimnum. Og í þá átt benda orðin í Ob.: nýr himinn og ný jörð. En fögur eru þessi orð: Sér hon upp koma — öðru sinni — jörð úr ægi —

iðjagræna — o. s. frv. og hefur Völuspáskáldið verið snillingur meiri, en höfundur Ob. aftur verið miklu inspireraðri, vitranamaður meiri eða betri miðill. Sagan er í Ob. miklu fyllri en í Völuspá, og gerir það örðugra fyrir um samanburð, en þó má benda á ýmislegt í þeim efnum, sem er býsna fróðlegt. Þannig er t. a. m. einnig í Ob. getið um nokkurs konar einherjafylkingu, sem „lambið“ hefir gert sér af íbúum jarðarinnar eða Miðgarðsins. Ob. segir mikið af því kappi, sem þeir á himnum — þ. e. æðri verur, sem byggja hálendi mikið og merkilegt á þeim hnetti — leggja á að fá íbúa Miðgarðsins í lið með sér, eða útrýma þeim að öðrum kosti. Er þar beitt hinni ógurlegustu grimmd svo að langt fer fram úr því, sem þekkst hefir hér á jörðu í þeim efnum, og skilja menn betur, hvers vegna grimmdin hefir svo mjög einkennt trúaraldirnar hér á jörðu, þegar menn gera sér ljóst hversu hryllilega grammars þær voru þessar verur, sem kristið fólk trúði á og hugði vera guð almáttugan og engla hans. Svo jafnir virðast þeir vera sem á himnum búa — uppi á hálendinu — og svo þeir í undirdjúpunum, dýrið og drekinn og allt það lið, að sigurinn í úrslitabaráttunni er undir því kominn, hvorumegin íbúar Miðgarðsins verða. Og af þessu er risið hið ógurlega kapp á að hræða Miðgarðinn til fylgis við sig, en tortíma þeim, sem ekki ganga í lið með lambinu. Auðvitað er „lambið“ ekki fremur lamb heldur en „engisprettunar“, sem sagt er af í 9. k. Ob., eru engisprettur og „drekkinn“ skriðdýr eða „úlfurinn“ úlfur. En í nöfnum þessum og ýmsum ævintýrum, sem á þeim byggjast, kemur vel fram hversu barnslegur var skilningurinn á þessum stórkostlegu viðfangsefnum stjörnulíffræðinnar, sem hér hefir verið nokkuð rætt um. — Á þessum 20 árum, sem liðin eru síðan ég byrjaði á ritgerð þeirri, sem ég gat um áðan, hefir mér tekist að skilja margt, sem mér þótti svo torsóttlegt þá, að ég hætti við ritgerðina. T. d. veit ég nú, hvaða sannindi í lífeðlisfræði (fysiologi) búa undir því, sem sagt er um innsigli lambsins eða þá dýrsins á enni og höndum (sbr. s. 391) og eins vegna hvers það var svo þýðingarmikið, að

einherjar lambsins áttu ekki unnustur meðal kvenna Miðgarðsins, þar sem svo mikið var um fylgi við dýrið. En að segja frá þessu til nokkurrar hlítar yrði of langt mál að sinni, og verður að bíða annarrar ritgerðar.